FRÉTTABRÉF

fremstir fyrir bragðið

1.TBL. ÁGÚST 2003

Ágæti félagsmaður,

21. ágúst 2003

I. Sauðfé

Sumarslátrun: Vegna óvissu á kjötmarkaði voru ekki til staðar nægar upplýsingar til að senda almennt fréttabréf til bænda fyrr en nú. Óvissa hefur verið um úreldingu sláturhúsa, útflutningsskyldu og almennar aðstæður á markaði sem hefðu getað gert fréttabréf marklaust nokkrum dögum eftir að það kæmi út.

Þess í stað var sent minnisblað til deildarstjóra og til sláturhúsa með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Sumarslátrun hefur farið vel af stað og verið slátrað umtalsvert meira en í fyrra. Vænleiki lamba er mikill og óvenju mikið farið í fituflokk 3 og ofar.

Lokun sláturhúss við Laxá: Á stjórnarfundi SS 21. ágúst var ákveðið að úrelda sláturhúsið við Laxá og slátra ekki í húsinu í haust. Fyrir þessari ákvörðun eru rekstrarlegar forsendur. Helstar eru mikil hækkun útflutningsskyldu sem krefst tilfærslu slátrunar í ESB hús félagsins á Selfossi. Minnkun slátrunar hefði því gert slátrun þar mjög óhagkvæma. Frystihús er ekki við Laxá og óhagkvæmt að þurfa að flytja kjötið til frystingar á Hvolsvelli. Markmið er að fá ESB leyfi á starfsemina á Hvolsvelli og því má ekki vera kjöt án ESB leyfis nema mjög takmarkað í stöðinni og það aðskilið öðru kjöti.

Slátrun við Laxá á sér langa sögu og er þessi ákvörðun því trega blandin en nauðsynleg við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja á kjötmarkaði.

Skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja er líklegt að sláturhúsinu í Borgarnesi verði einnig lokað og óvissa er um slátrun í Búðardal. Ásókn í slátrun á Selfossi verður því meiri en fyrr sem kallar á mikla skipulagningu og stífari reglur en nokkru sinni fyrr um þá möguleika sem bændur eiga til innleggs á hefðbundnum tíma. Innleggjendur frá Laxá munu eiga sama rétt og aðrir til innleggs á Selfossi.

Verðskrá sauðfjár: Eftirfarandi er grunnverðskrá sem SS greiðir eftir fyrir innlagt fé frá júlí til páska. Ofan á þessa verðskrá bætast yfirborganir og staðgreiðsla í þeim vikum sem við á.

Í ljósi markaðsaðstæðna og mikils verðfalls á kjötmarkaði og mikilla birgða af kindakjöti er verðskrá félagsins lækkuð um 8% frá fyrra ári. Jafnframt eru veturgamlar ær og hrútar færð niður um verðflokk fyrir utan VR4 sem er óbreyttur. Þessi breyting er í samræmi við markaðsverð.

Slátur: Greiddar verða 130 kr/stk fyrir dilkaslátur en ekkert fyrir slátur af fullorðnu.

Gæruverð: Greiddar verða 196 kr/dilkagæru og 45 kr/ærgæru. Gærukaupendur vilja ekki rúnar gærur og verður aðeins greitt hálft gæruverð fyrir rúnar gærur. Undantekning er páskaslátrun en 2 mánuðir verða að líða frá rúningi að slátrun.

Slátur og gærur verða

Verðfl.	*Gæðaflokkar*	*Verð '03*
1.	DE1, DE2, DU1, DU2	282
2.	DR2, DE3, DU3	277
3.	DR1, DO2	270
4.	DE3+, DU3+, DR3, DO1	260
5.	DR3+, DO3, DO3+,DP1, DP2	232
6.	DE4, DU4, DP3, DP3+, VR3	206
7.	DE5, DU5, DR4, DR5, DO4, DO5, DP4, DP5, VR4	188
8.	FR3, VP1, VHR3	50
9.	FR4, FP1, VHR4, VHP1	20
10.	HR3, HR4, HP1	0

Viðtakandi:

viðskiptafærð að fullu 15. desember næstkomandi. Undanskyldar eru staðgreiðsluvikur en þá er allt innlegg þ.m.t. slátur, gærur og útflutningsskylda staðgreidd.

Hrútar: Félagið vill ekki fá fullorðna hrúta til slátrunar ! Þeir eru ekki markaðsvara og tefja mikið slátrun með ærnum kostnaði. Bændur verða rukkaðir um 2000 kr/stk urðunargjald fyrir fullorðna hrúta sem skilað er á fjárbíl.

Útflutningsverð og greiðslutími: Vegna aukinna birgða í landinu og sölusamdráttar eykst útflutningsskylda mikið milli ára. Áætlað er að heildar útflutningsskylda SS verði um 600 tn. Ljóst er að stærsta hluta aukningar í útflutningi verður að selja á heimsmarkað á lágu verði. Af þessum sökum lækkar félagið verð fyrir útflutning í 150 kr/kg. Hugsanlegt er að uppbót verði greidd á þetta verð þegar sölu er lokið ef skilaverð gefur möguleika á því. Útflutningsverð er greitt fyrir 1. – 3. verðflokk en hlutfallslega lægra fyrir aðra flokka. Félagið greiddi hærra útflutningsverð fyrir innlegg í júlí og ágúst og var mest greitt 220 kr/kg.

Lömb til útflutnings í staðgreiðsluvikum verða staðgreidd eins og annað innlegg. Útflutningshluti innleggs utan þess tíma verður greiddur að fjórðungi inn á bankareikninga bænda 21. des. Annar fjórðungur verður greiddur 25. maí og lokauppgjör verður 25. ágúst.

Flutningar að sláturhúsi: Innheimtar verða 8,40 kr/kg fyrir flutning að sláturhúsi. Lágmarksgjald er miðað við 350 kg (27 lömb * 13 kg/lamb). Gjaldið gildir um allan flutning sláturfjár að húsum félagsins frá Öræfum vestur um Dali að Holtavörðuheiði. Flutningur frá Öræfum og Dölum til slátrunar á Selfossi er háður því að náist á fullan vagn.

Sláturkostnaður á heimtöku: Gjald fyrir slátrun á heimteknu fé verður óbreytt, 90 kr/kg auk vsk. Innleggjendum vestan Hellisheiðar er boðið að fá kjöt sitt sent á Fossháls. Ef kjötið er ekki sótt innan 2 daga verður það fryst. Sögun er boðin á heimteknu kjöti og er gjaldið 10 kr/kg fyrir 7 parta sögun og 17 kr/kg fyrir smásögun auk vsk. Umbúðir eru innifaldar.

Slátrun 1. til 14. sept: Eingöngu verður slátrað á Selfossi. Vegna mikils álags á slátrun verða bændur sem slátra á Selfossi að slátra hluta fjár síns á þessum tíma eða í nóvember og síðar.

Tímabil	*Greiðslutími*	*Yfirborgun S.S.*	*Útflutnings-skylda*	*Sl.fjöldi*
1. - 5. sept.	SS Staðgreiðir	100 kr/dilk frá Markaðsráði	25%	Ótakm.
8. – 12. sept.	Staðgreitt		33%	Ótakm.

Yfirborgun Markaðsráðs er á flokka E-O, fitufl. 1-2. SS staðgreiðir annan föstudag eftir innleggsviku.

Haustslátrun: Slátrað er á Selfossi og á Klaustri.

Byggt er á því að hrútlömb verði felld skv. reglugerð eftir 25.október en SS mun óska eftir að hrútafelling verði færð til 31. okt. Öll haustslátrun verður greidd eins. Innborgun er 1400 kr/lamb annan föstudag eftir innleggsviku. 75% er greitt á bankareikninga 28. nóvember m.v. vaxtadag 25. okt. og 25% viðskiptafærð 15. des.

Ljóst er að ekki verður hægt að sinna öllum óskum um slátrun á Selfossi á þessum tíma. Því er sú regla sett að engum ám verður slátrað nema Selfoss óski eftir því til að fullnýta daga eða bíla.

Tímabil	*Haustslátrun*	*Útflutnings-skylda*	*Sl.fjöldi*
15. sept. - 31. okt.		38%	Ótakm.

Allir innleggjendur geta lagt 140 lömb inn á haustsláturtíma. Umfram það verður miðað við 70% af lambafjölda. Innleggjandi með 300 lömb getur t.d. komið 210 lömbum (300*70%) í heildina inn á þennan tíma. Það sem umfram er verður að slátra fyrir eða eftir haustslátrun. Pantanir ráða slátrun á öðrum tíma. Lausir tímar til 5. september eru öllum opnir. Þeir sem lagt hafa inn hjá félaginu áður eru hvattir til að panta strax. Eftir 5. september verða teknar pantanir frá nýjum innleggjendum á þá tíma sem eru lausir.

Tengiliður fyrir innleggjendur norðan Hvalfjarðar er Brynjólfur Ottesen í s. á Laxá 433-8893.

Vetrarslátrun: Vetrarslátrun er eingöngu á Selfossi.

Yfirborgun SS er á holdfyllingarflokka E – R, fituflokka 1–3 og O, fituflokkur 1-2. Geymslugjald er greitt bændum á þessa sömu flokka og auk þess á flokk O3.

Þess er óskað að ær eða gemlingar með lambi séu ekki sendir í páskaslátrun.

Innlegg þ.m.t. gærur og slátur sem greitt er 15. des. er greitt með þeim hætti að 75% er greitt í bankareikninga og 25% er viðskiptafært.

Páskaslátrun: Stefnt er að slátrun 3000 lamba fyrir næstu páska. Yfirborgun Sláturfélagsins verður 25 kr/kg í stað 45 kr/kg á sláturpantanir sem berast eftir 10. janúar auk geymslugjalds. Ástæðan er sú að félagið verður að skuldbinda sig um miðjan janúar með þann fjölda sem það getur afhent erlendum kaupendum.

Yfirborgun Sláturfélagsins er eingöngu á gimbrar og gelt hrútlömb. Þrátt fyrir að glufa í reglugerð leyfi að ógelt hrútlömb teljist lömb frá 1. mars uns þau verða 12 mánaða gömul viljum við ekki selja slíka skrokka sem önnur lömb fyrir páska.

Félagið býður að gera skriflega samninga um páskaslátrun við aðila sem eru með góð einangruð grindarhús og geta lagt til a.m.k. 100 lömb hver. Þessir aðilar munu hafa forgang að páskaslátrun næsta árs. Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Selfoss sem fyrst.

Vetrarslátrun

Tímabil	*Geymslugjald*	*Yfirborgun S.S./ Greiðslutími*	*Útflutnings-skylda*	*Sl.fjöldi*
3. – 7. nóv.	6 kr/kg	Greitt 15. des.	33%	Ótakmarkað
10. – 14. nóv.	6 kr/kg	Staðgreitt	33%	Ótakmarkað
17. – 21. nóv.	6 kr/kg	Greitt 15. des.	25%	Ótakmarkað
24. - 28. nóv.	6 kr/kg	Staðgreitt	25%	Ótakmarkað
1. – 5. des.	12 kr/kg	Greitt 15. des.	17%	Ótakmarkað
8. – 12. des.	12 kr/kg	Staðgreitt	17%	Ótakmarkað
15. – 19. des.	12 kr/kg	10 kr/kg, staðgr.	17%	2000 stk
Páskaslátrun 2004	30 kr/kg	45 kr/kg, , staðgr. sjá	10%	3000 stk
18-19. mars		skilyrði aftar í bréfi		

II. Nautgripir

Staða í markaðsmálum nautgripa er alveg tvískipt. Annars vegar er vöntun á kýrkjöti og hefur verið brugðist við með staðgreiðslu á kúm sem meta má ígildi um 3% verðhækkunar. Líklegt er að kýr verði staðgreiddar næstu mánuði.

Hins vegar er mikil bið eftir slátrun ungneyta. Hægt gengur á þennan lista þrátt fyrir að slátrað sé 40-50 ungneytum á viku. Jafnvægi virðist í öðrum landshlutum með ungneyti og því ætti staðan að færast hægt til betri vegar á komandi mánuðum.

III. Kjötmarkaður & svín

Staða svínabænda er mjög alvarleg. Framleiðsluaukning á svína- og kjúklingakjöti hefur orsakað mikla verðlækkun á svínakjöti og má fullyrða að allir svínabændur séu í miklum taprekstri í dag og margir búnir að tapa öllu eigin fé. Fóðursalar og lánadrottnar halda mörgum gangandi og er spurning um úthald þeirra.

Skuldsett aukning framleiðslu hefur farið út yfir öll velsæmismörk í kjúklingum og svínum og einkum orðið hjá stærstu framleiðslueiningunum. Við þær aðstæður sem nú ríkja má segja að venjuleg viðskiptasjónarmið gildi ekki heldur “hagfræði hins neðra”. Það eru ekki endilega þeir sem eru með besta reksturinn og eigið fé sem lifa heldur þeir sem tekst að koma lánadrottnum sínum í verstu stöðu og byggja upp einingar sem verður að reka áfram til að tryggja e-a arðsemi fjármagnsins sem búið er að lána.

Litlir framleiðendur allra kjötgreina eiga litla möguleika þar sem þeir skulda engum nóg og

verða því gerðir upp.

Þá kröfu verður að gera til lánastofnana að þær horfi á heildarmyndina og taki rekstur úr höndum þeirra sem vísvitandi eða með skorti á skynsemi valda stórtjóni með óábyrgum rekstri.

Það er markmið allra kjötframleiðenda að hagræða í rekstri til að geta lækkað verð til lengri tíma litið og styrkt þannig samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Þetta er langtímasjónarmið og verður að byggjast á hagræðingu og lækkun kostnaðar.

Verðkollsteypa sem nú er orðin er án innistæðu og mun ganga að hluta til baka þegar dregur úr framboði með einum eða öðrum hætti.

IV. Hross

Rúmlega 10% samdráttur er í slátrun fullorðinna hrossa fyrstu 7 mánuði ársins hjá SS. Jafnvægi er komið á framboð og bið eftir slátrun er 1-2 mánuðir sem er mikil breyting frá fyrri árum er yfir hálfsárs bið var eftir slátrun. Hrossastofn landsmanna hefur greinilega dregist saman.

Verð til bænda hefur verið lágt undanfarna mánuði en lítils háttar hækkun varð í júlímánuði. Verð er nú 24-60 kr/kg eftir flokkum.

Vandi í sölu folaldakjöts er enn óleystur. Félagið á birgðir til nokkurra mánaða. Slátrun verður því með minna móti næstu 1-2 mánuði.

Í samvinnu við Kjötframleiðendur ehf. er SS byrjað að vinna umtalsvert magn af folaldakjöti úr birgðum til útflutnings. Ef áætlanir ganga eftir mun þetta verkefni stuðla að jafnvægi á næsta ári.

V. Áburðarmál

Sala á Hydro áburði gekk vel í liðinni vertíð og jókst markaðshlutdeild Hydro mikið á sama tíma og samdráttur var í áburðarsölu á landinu. Áfram verður haldið að styrkja sölu- og dreifingarnet á landsvísu með það að markmiði að tryggja bændum sem hagkvæmust áburðarkaup. Á haustmánuðum verða bændum kynnt verðskrá og valkostir sem bjóðast á komandi vertíð.

fyrirvari er gerður um prentvillur

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.



Steinþór Skúlason

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000

Skoðaðu heimasíðu okkar: www.ss.is